

Lögeyrisvaldinu dreift af Stjórnarskrá

Markmið erindisins er valddreifing.

Á Íslandi eru í gildi lög um seðlabanka nr. 36/2001. Í lögnum er kveðið á um einn gjaldmiðil, svokallaðan „lögeyri“ á Íslandi en fyrirkomulag þetta gerir öllum skylt sem lifa og starfa á landinu að eiga og nota þann tiltekna gjaldmiðil, meðal annars til að greiða skatta og opinber gjöld. Í ljósi þess að um er að ræða afar íþyngjandi fyrirkomulag sem tryggir yfirvöldum mikil völd yfir fjárráðum almennings er æskilegt að landsmenn hafi í nýrri Stjórnarskrá varnir sem dreifa valdinu yfir lögeyrinum til óháðra aðila og tryggja að einkaaðilum séu ekki veitt óæskileg völd yfir honum.

Greinargerð:

Upphafsorð.

Þetta erindi fjallar um valdið til að búa til nýja peninga í þeim gjaldmiðli sem löggjafinn gerir að lögeyri og valdið til að setja þá í umferð. Erindið skal ekki túlka sem svo að eftir að nýir peningar eru komir í umferð megi eigendur þeirra ekki lána þá á vöxtum í gegnum einkarekin fjármálafyrirtæki. Erindið leggur ekki til að frelsi fólks verði á nokkurn hátt skert til að stunda viðskipti með þá peninga sem það á eða eignast.

Lögeyrisvaldið: Útgáfuvald og úthlutunarvald lögeyrisins á ekki heima hjá sama aðila.

Reynsla sögunnar sýnir að óæskilegt sé að sami aðili hafi vald til að búa til lögeyrinn og að koma honum í umferð. Þetta á bæði við um ríkisvaldið og einkaaðila¹.

Í ljósi þessa, og kröfu þjóðfundar um valddreifingu, er æskilegt að tveir sjálfstæðir aðilar beri ábyrgð á sitt hvoru valdinu, annars vegar útgáfuvaldinu og hins vegar úthlutunarvaldinu.

Útgáfuvaldið: Vald til að leggja skatt á eigendur lögeyris.

Peningaútgáfa lögeyris leiðir af sér kaupmáttarrýrnun þess gjaldmiðils sem landsmenn eru lögbundnir til að eiga og nota. Því er æskilegt að landsmenn hafi varnir í stjórnarskrá fyrir því að aukin útgáfa lögeyrisins séu takmörk sett, takmörk sem stuðla að stöðuleika lögeyrisins. Tilraun Seðlabankans að veita einkareknum fjármálafyrirtækjum 'de facto' útgáfuvald² yfir lögeyrinum hefur valdið óstöðugleika og miklum kostnaði fyrir þjóðina.³

Í ljósi þessa er æskilegt að tryggja í Stjórnarskrá að Seðlabankinn sinni meginmarkmiði sínu “að stuðla að verðstöðuleika”⁴ og sé einum falið valdið til útgáfu lögeyrisins til að ná því marki. Jafnframt er æskilegt að tryggja að honum sé óheimilt að fela öðrum aðilum útgáfuvald yfir lögeyrinum.

Úthlutunarvaldið: Vald til að úthluta lögeyrisskattinum.

Peningaútgáfa lögeyris leiðir af sér kaupmáttarrýrnun þess gjaldmiðils og veldur þannig öllum sem eiga lögeyrinn óbeinum fjárhagslegum skaða. Útgáfa nýrra peninga er því skattur á eignir. Því er óæskilegt að einkaaðilar hafi áfram vald til að úthluta fé sem búið er til með slíkum skatti, enda er meginreglan sú að aðeins opinberum aðilum er heimilt að úthluta skatttekjum ríkisins með fjárlögum.

Í ljósi þessa er æskilegt að landsmenn hafi í stjórnarskrá tryggingu fyrir því að lögeyrisskattinum- sé úthlutað af lýðræðislega kjörnum fulltrúum þeirra og löggjafinn úthluti þessu fé eins og öðru skattfé í fjárlögum.

1 Fylgiskjal 1.

2 *Hvernig eykst peningamagn í umferð í heiminum?* Svar Gylfa Magnússonar á Visindavef Háskóla Íslands: <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=841>

3 Kaupmáttarrýrnun krónunnar frá 2003, árið eftir einkavæðingu ríkisbankna, má sjá að hluta í verðbólgutölum Seðlabanka Íslands: <http://www.seðlabanki.is/?PageID=60>

4 Lög um Seðlabanka Íslands. 3.gr. <http://www.althingi.is/lagas/135a/2001036.html>

Niðurstaða erindisins.

Í erindinu er rökstutt að völdin yfir lögeyrinum, sem landsmenn eru lögbundnir til að eiga, verði færð frá einkareknum fjármálafyrirtækjum til lýðræðislega kjörinna fulltrúa. Tryggt er að fulltrúar fólksins geti ekki falið einkaaðilum þetta vald aftur. Lögeyrisvaldinu yfir útgáfu og úthlutun lögeyrisins er dreift. Útgáfuvaldið er takmarkað til að stuðla að verðstöðuleika í stað þess að valda mikilli kaupmáttarrýrnun lögeyrisins. Úthlutunarvaldið verður hjá Alþingi sem þýðir að lögeyris-skattinum sé hægt að úthluta til velferðarmála og endurgreiðslu ríkisskulda án skattahækkanna.

Í dag er mest útgáfuvald og allt úthlutunarvald yfir lögeyri landsins hjá einkareknum fjármálafyrirtækjum.⁵ Frá einkavæðingu ríkisbankanna 2002 til bankahrunsins 2008 bjuggu einkarekin fjármálafyrirtæki til rúmlega 1000 milljarða af nýjum krónum og úthlutuðu þeim sem skuldir við sig. Lögeyrisútgáfan á tímabilinu jók peningamagn í umferð að meðaltali um 26% á ári, með tilheyrandi kaupmáttarrýrnun krónunnar. Í krónum gerir það að meðaltali um 166 milljarða á ári. Jafn há prósentuaukning á peningamagni lögeyrisins í dag væri um 376 milljarðar.

Til samanburðar voru fjárlög íslenska ríkisins 560 milljarðar á síðasta ári. Þar af Landspítalinn 33 milljarðar, Atvinnuleysistryggingasjóður 28 milljarðar, Háskóli Íslands 10 milljarðar, Landhelgisgæslan 3 milljarðar, Fjármálaeftirlitið 1 milljarður. Með úthlutunarvaldið hjá löggjafanum myndi 10% lögeyrisútgáfa færa ríkinu 145 milljarða á ári til að úthluta án þess að hækka skatta og 5% lögeyrisútgáfa dygði til að koma í veg fyrir 47 milljarð króna niðurskurð í ár auk 25 milljarða svigrúms til sóknar í velferðarmálum og til skattalækkanna.⁶

Í erindinu er rökstutt að æskilegt sé að:


1. Lögeyrisvaldinu yfir útgáfu og úthlutun lögeyrisins sé dreift á tvo óháða aðila.
2. Útgáfuvaldið verði hjá Seðlabanka Íslands og sé takmarkað til að stuðla að verðstöðuleika.
3. Úthlutunarvaldið verði hjá Alþingi með fjárlögum.
4. Tryggt sé að fulltrúar almennings geti ekki falið einkaaðilum lögeyrisvaldið aftur.

Tillaga að ákvæði í stjórnarskrá um Lögeyrisvaldið.


„Með lögum skal ákveða hvaða gjaldmiðill sé lögeyri á Íslandi. Seðlabanki Íslands skal einn gefa út lögeyri landsins og skal útgáfan miða að því að skapa og viðhalda verðstöðuleika. Alþingi skal í fjárlögum úthluta lögeyri sem Seðlabankinn gefur út. Valdið til útgáfu og úthlutunar lögeyris Íslands skal ekki framselt.“

Jón Þór Ólafsson fh. *Icelandic Financial Reform Initiative* (IFRI.is)
Reykjavík 25. maí 2011.

Peningamagns aukning (M3) 2000 - 2010



FJÁRLÖG 2010 - 2011 OG LÖGEYRISÚTGÁFA



5 Hvernig eykst peningamagn í umferð í heiminum? Svar Gylfa Magnússonar á Vísindavef Háskóla Íslands: <http://visindavefur.hi.is/svar.asp?id=841>

6 Fjárlög 2010 og 2011, samanburður: http://gallery.datamarket.com/fjarlagafurvarp_2011/?lidur=&sbr=on